

Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs

Fjarfundur var haldinn í stjórn Sprotasjóðs 6. janúar 2015. Mætt voru í mennta- og menningarmálaráðuneytið: Sigurjón Mýrdal, formaður stjórnar, Svandís Ingimundardóttir og Aðalheiður Steingrímsdóttir. Finnur Friðriksson og Sigrún Vésteinsdóttir, umsýsluaðili Sprotasjóðs sátu fundinn í HA á Akureyri. Björk Óttarsdóttir forfallaðist vegna veikinda.

Sigurjón Mýrdal setti fundinn kl. 12:30. Sigrún Vésteinsdóttir var fundarritari. Eftirfarandi liðir voru ræddir.

1) Áherslusvið

Stjórn tók lokaumræðu um áherslusvið Sprotasjóðs og fór yfir orðalag. Stjórn hefur ákveðið að áherslusvið verði eftirfarandi:

- a) Ábyrgð á eigin námi: Styrkleikar nemenda og áhugasvið
- b) Hagnýtt læsi á öllum námssviðum
- c) Fjölmenningarlegt skólastarf

Formaður stjórnar býður eftir svari frá ráðherra varðandi þessar tillögur.

2) Auglýst eftir umsóknum

Stefnt er að því að senda út auglýsingu frá Sprotasjóði helgina 10. -11. janúar og að opnað verði fyrir umsóknir 12. janúar. Auglýsing verður send til dagblaða til birtingar. Einnig verður send út tilkynning til skóla, líkt og verið hefur. Ráðuneytið sér um að senda út auglýsinguna. Umsóknarferlið mun standa til 28.febrúar.

3) Breytingar á texta í umsóknarformi

Ræddar voru breytingar á skýringartexta í umsóknarformi og gengið frá því. Umsýsluaðili mun sjá um að þær breytingar verði gerðar áður en vefurinn opnar fyrir umsóknir.

4) Önnur mál

Formaður stjórnar vakti máls á því að skoða mætti hvort að sjóðurinn ætti að standa fyrir annarri ráðstefnu eins og gert var árið 2012-2013 með samtökum áhugafólks um skólaþróun, þar sem nokkur verkefni Sprotasjóðs voru kynnt. Einnig ræddi stjórn um að gagnlegt væri að fara í fleiri heimsóknir í skóla og fá kynningu á Sprotasjóðsverkefnum sem eru í gangi. Stjórn sjóðsins ætlaði að ræða þessi mál enn frekar í febrúar.

Fundi slitið kl 13:10.